

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Alþingi efnahags- og skattanefnd  
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 8. febrúar 2011

1102003HA MKH/  
Málalykill:613

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt (skilyrði sjómannaafsláttar), 275. mál**

Hafnasambandi Íslands hefur borist bréf efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 7. febrúar 2011, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (skilyrði sjómannaafsláttar), þskj. 318 – 275. mál.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst  
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Magnús Karel Hannesson  
starfsmaður HÍ

25.2.2011

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 139/1527*  
*komudagur 28.2.2011*

Efnahags- og skattanefnd

275. mál

Hagsmunasamtök heimilanna þakka það traust sem þingnefndin sýnir samtökunum með beiðni um umsögn um þetta þingmál.

Stjórn samtakanna hefur fjallað um beiðnina og telur málið ekki vera á núverandi sérsviði samtakanna. Vegna þessa telur stjórnin að umsögn samtakanna hefði takmarkað gildi og munu samtökin því ekki veita umsögn um þingmálið að svo komnu máli.

Með kveðju / best regards

Friðrik Ó. Friðriksson



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík  
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835  
Símar: +3545677111/ +3548599711  
Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)  
Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)

*Alþingi*

*Erindi nr. P 139/1344*

*komudagur 15. 2. 2011*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræði 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2011

Stjórn Landssambands eldri borgara hefur ekki ályktað um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 311. mál, frumvarp til laga um tekjuafslátt (skilyrði sjómannaafsláttar) 275. mál, né þingsályktun um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, 141 mál. Stjórnin leggur hinsvegar áherslu á að góðar tillögur til uppbyggingar í efnahagsmálum séu góðra gjalda verðar og að heildarjöfnuðar sé gætt varðandi hugmyndir um að leggja niður réttindi starfsstétta.

Fyrir hönd LEB

Helgi K. Hjálmsósson, formaður

Valgerður K. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1S25  
komudagur 28.2.2011



LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
www.liu.is

Alþingi - Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2011  
Mál nr. 1102007

### Efni: Umsögn um sjómannaafslátt

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna um frumvarp til laga um tekjuskatt (skilyrði sjómannaafsláttar), 275. mál.

Sjómannaafsláttur er veittur á öllum Norðurlöndum og fiskveiðipjóð eins og Íslendingar á að tryggja sjómönnum sínum sambærilegt skattaumhverfi og það sem tíðkast hjá þeim fiskveiðipjóðum sem við berum okkur saman við. Sjómannaafslátturinn hefur verið hluti af sáttmála stjórnvalda við sjómenn í áratugi, en núverandi ríkisstjórn afturkallaði hann án nokkurs samráðs eða viðræðna við félagasamtök sjómanna.

Aðrar starfstéttir en sjómenn fá greidda dagpeninga vegna vinnu innanlands og erlendis, en þessar greiðslur eru undanþegnar skatti. Í þessu felst ójafnræði á milli sjómanna og annarra starfstétta þar sem fæðispeningagreiðslur sjómanna eru hliðstæðar dagpeningagreiðslum, en eigi að síður eru þær að fullu skattlagðar.

Það er sanngjörn krafa að sjómenn njóti áfram þessara kjara sem þeir hafa haft í áratugi og mælum við með samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna.

  
Sveinn Hjörtur Hjartarson

23. febrúar 2011

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1497  
komudagur 25. 2. 2011

LANDSSAMBAND  
smábátæigenda



## Efnahags- og skattanefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt  
(skilyrði sjómannaafsláttar), 275. mál

Í frumvarpinu er lagt til að sjómannaafsláttur skuli áfram vera við líði. Landssamband smábátæigenda er því sammála og tekur heilshugar undir að sjómenn njóti áfram sjómannaafsláttar.

Upplýsingar sem dregnar eru fram í athugasemdum frumvarpsins um sjómannaafslátt annarra þjóða er sérlega athyglisverður og sýna glögg að Íslendingar eru ekkert eyland í því að virða þeirra einstæðu störf. Því er skýtur það skökku við að gildandi lög leiði þjóðina til einangrunar er varðar þessa beinu viðurkenningu á starfi sjómannsins.

LS tekur undir þau rök sem tilgreind eru í frumvarpinu, en vill minna á að útflutningsverðmæti sjávarafurða á síðasta ári var tæp 40% (39,3%) af heildarútflutningsverðmæti þjóðarinnar.

Að lokum vill LS benda á eftirfarandi:

Sjómenn njóta ekki fulls aðgengis að opinberri þjónustu

Á sjó er hærrí slysatíðni en í öðrum starfsgreinum. Nauðsyn trygginga er því meiri en annarra starfsstétta, tryggingar viðtækari og iðgjöld hærri.

Sjómenn eiga erfiðara en aðrar starfsstéttir með að aðlaga sig að öðrum störfum.

Virðingarfyllst,

---

Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2011 02-2011020017  
T-ums 09/11

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/1292*  
*komudagur 11.2.2011*


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum - 275. mál, þskj. 318.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 7. febrúar 2011 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að sjómönnum verði áfram tryggður sjómannaafsláttur sem verði að færeyskri fyrirmynd um fiskimannafrádrátt.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri taka eftirfarandi fram: Með lögum nr. 128/2009 voru ákvæði um sjómannaafslátt felld úr gildi í áföngum frá og með 1. janúar 2011. Að mati ríkisskattstjóra var sú ákvörðun pólitísk og metur embættið það sérn svo að ákvörðun um að endurvekja afsláttinn sé einnig af sama toga og tekur því ekki afstöðu til þess. Ennfremur telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við þá tilhögun á sjómannaafslætti sem er að finna í frumvarpinu enda yrði um tæknilega útfærslu að ræða.

Virðingarfyllst

  
Skúli Egger Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1496  
komudagur 25.2.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis,  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 24. febrúar 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingu, 275. mál.**

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Markmið frumvarpsins er að breyta ákvæði um sjómannaafslátt í lögum um tekjuskatt og færa reglur um skilyrði afsláttarins að færeyskri fyrirmynd um fiskimannafrádrátt. Samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að fjárhæð sjómannaafsláttar lækki ár hvert uns afslátturinn fellur niður árið 2014.

Ákvæði laga um sjómannaafslátt sem kemur til frádráttar reiknuðum tekjuskatti sjómanna er ákvörðun löggjafans og snýr ekki að samningum um kaup og kjör. Rökin fyrir sjómannaafslættinum eru þau helst að þeir sem vinna fjarri heimilum geti ekki nýtt sér samneyslu í sama mæli og aðrir. Gæta þarf jafnræðis í skattakerfinu, þ.e. að þeir sem vinna við svipuð skilyrði séu skattlagðir á svipaðan hátt, t.d. aðilar sem einnig vinna fjarri heimilum og njóta ekki samneyslunnar með svipuðum hætti og sjómenn. Við breytingar á skattkerfinu verður að líta til allra starfsstétta, en ekki taka eina út úr, og hljóta þau hlunnindi sem felast í gildandi reglum um greiðslu dagpeninga að verða hluti slíkrar endurskoðunar. Þá kemur fram í greinargerð frumvarpsins að sjómannaafsláttur tíðkast víðar en á Íslandi, m.a. á öllum Norðurlöndunum.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1499

komudagur 25. 2. 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 23. febrúar 2011.

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt (sjómannaafsláttur), 275. mál.

Sjómannasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Frumvarpið fjallar um rétt sjómanna til sjómannaafsláttar. Í gildistöku a-liðar 24. gr. laga nr. 128/2009, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, sem samþykkt voru á Alþingi 21. desember 2009, felst að afnema skuli sjómannaafslátt í áföngum frá og með 1. janúar 2011.


Skerðingarferlið á sjómannaafslættinum í núverandi mynd er því hafið og gera núgildandi lög ráð fyrir að sjómannaafslátturinn verði að fullu fallinn brott 1. janúar 2014.

Sjómannasamband Íslands mótmælti á sínum tíma þeirri aðför Alþingis að kjörum sjómanna sem fólst í lagasetningunni þann 21. desember 2009 um afnám sjómannaafsláttarins.

Sjómannasamband Íslands ítrekar hér með þau mótmæli og telur engin rök fyrir því að ráðist sé sérstaklega að kjörum sjómanna eins og gert var með lagasetningunni 2009.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að sjómannaafslátturinn verði tekinn upp aftur í annarri mynd en hann var áður en skerðingarferlið hófst. Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við það með hvaða hætti sjómenn njóta sjómannaafsláttar. Aðalatriðið er að sjómenn njóti sjómannaafsláttar og að sá afsláttur sé ekki lakari en afslátturinn sem sjómenn nutu áður en skerðingarferlið hófst. Að mati Sjómannasambands Íslands yrði sjómannaafslátturinn til sjómanna síst lakari en hann var fyrir skerðingu verði þetta frumvarp að lögum. Sjómannasamband Íslands styður því frumvarpið og mælist til þess að það verði sem fyrst að lögum.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hölmgeir Jónsson



Alþingi  
Erindi nr. P 139/1498  
komudagur 25. 2. 2011



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. febrúar 2011  
RH/SLB/013/2011


**Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum – 275. mál.**

Vísað er til tölvubréfs dags. 7. febrúar 2011 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Samkvæmt 2. mgr. 16. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 skal Tryggingastofnun taka tillit til tekna skv. II. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum.

Sjómannaafsláttur sem veittur væri á grundvelli 67. gr. laga um tekjuskatt hefði því ekki áhrif á greiðslur bóta frá Tryggingastofnun.

Virðingarfyllst,

  
Sigríður Lilly Baldursdóttir  
forstjóri

Alþingi  
Erindi nr. þ 139/1526  
komudagur 28.2.2011



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um tekjuskatt (275. mál) (skilyrði sjómannaafsláttar)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp, sem felur í sér endurupptöku á sjómannaafslætti.*

Viðskiptaráð Íslands hefur mælt fyrir einföldun á skattkerfi og gegnsæjum reglum. Mikilvægt er að kerfið sé einfalt í framkvæmt og auðvelt í skoðun, jafnræðis verður að gæta meðal mismunandi stétta út frá skattalegu sjónarmiði. Þau sjónarmið sem liggja að baki sjómannaafsláttar í dag samrýmast ekki þeirri hugsjón. Uppruna hans má rekja til mun breyttari tíma en við búum við í dag. Forsendur þær sem lágu að baki honum á þeim tíma eru að mestu leyti ekki lengur til staðar. Af þessum sökum getur Viðskiptaráð ekki mælt fyrir endurupptöku sjómannaafsláttar í lög.

*Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.*

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs